

Greining akstursumferðar um Suðurland

Í viðræðum við ferðapjónustuaðila á austursvæði Suðurlands koma vegasamgöngur alltaf til tals. Þar er því haldið fram að mjög hátt hlutfall ferðamanna – innlendra sem erlendra - á einkabílum, snúi við í Vík vegna ástands vega, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Í sjálfu sér er það ósköp eðlilegt að akandi vetrarferðamenn hætti sér ekki mjög langt hvert sem þeir fara, því þeir vita að hér á landi er allra veðra von. En yfir sumarmánuðina á þetta ekki við og flóknara að geta í hegðan ferðamanna þá.


Til að grennslast fyrir um þetta kemur fyrst uppí hugann að greina umferðartölur Vegagerðarinnar. Þær eru ágætlega greinagóðar og aðgengilegar á heimasíðu þeirra www.vegagerdin.is undir liðnum – *Upplýsingar og útgáfa/Umferðin í tölum*.

Á Suðurlandi eru þrír af 16 talningastöðum Vegagerðarinnar, allir á hringveginum: **Á Hellisheiði, vestan Hvolsvallar og á Mýrdalssandi**. Taflan hér að neðan sýnir reiknaðan meðalfjölda bifreiða á dag á hverjum þessara talningarstaða á völdum árum, hlutfallslega breytinga milli þessara ára og í heild frá árinu 2005 til 2015 (*spá*).

Meðalumferð á dag hvert ár - fjöldi bifreiða, aukning og hlutföll								
Ár	Á Mýrdalssandi	% breyting	Vestan Hvolsvallar	% breyting	Á Hellisheiði	% breyting	Samtals	% breyting
2005	370		1.765		5.950		8.085	
2008	400	8%	1.930	9%	6.565	10%	8.895	10%
2011	390	-3%	2.065	7%	5.905	-10%	8.360	-6%
2014	626	60%	2.513	22%	6.406	8%	9.545	14%
Spá '15	745	19%	2.710	8%	6.640	4%	10.095	6%
Aukning frá '05	375	101%	945	54%	690	12%	2.010	25%

Langmest aukning er um Mýrdalssand, tvöföldun. Vestan Hvolsvallar hefur orðið 54% aukning umferðar (enginn samdráttur) og á umferðin til Landeyjarhafnar örugglega mikinn þátt í því. Um Hellisheiði er aukningin jafnari. Leiðin á Mýrdalssand og til Hvolsvallar liggur ekki öll um Hellisheiði og því ekki beint samhengi milli þessara mælistaða.

Myndin að neðan sýnir dreifingu umferðar niður á mánuði á síðastliðnu ári. Greinilegur aukinn þungi yfir sumarmánuðina á þessum þremur stöðum en munur á milli hæsta og lægsta mánaðar langmestur á Mýrdalssandi, 1.369 mest og niður í 224, eða sexfaldur.



En reynum þá að rýna í samfellu umferðar frá Hellisheiði, að Hvolsvelli og á Mýrdalssand.

Hlutfall af umferð um Hellisheiði								
Sem mælist:	Vestan Hvolsv.				Á Mýrdalssandi			
Mán - Ár	2008	2010	2012	2014	2008	2010	2012	2014
Janúar	26%	25%	32%	30%	3%	3%	4%	5%
Febrúar	26%	27%	32%	32%	4%	4%	4%	6%
Mars	24%	37%	32%	35%	4%	4%	4%	8%
Apríl	26%	39%	33%	35%	4%	4%	5%	8%
Maí	27%	32%	37%	38%	5%	5%	6%	9%
Júní	30%	31%	39%	44%	7%	8%	8%	12%
Júlí	37%	39%	46%	50%	10%	11%	10%	15%
Ágúst	33%	40%	46%	47%	10%	10%	11%	14%
September	29%	33%	36%	39%	6%	7%	7%	11%
Október	29%	30%	37%	37%	5%	5%	6%	8%
Nóvember	27%	32%	33%	35%	4%	4%	4%	6%
Desember	27%	31%	29%	32%	3%	4%	3%	5%
Meðalt.nálgun	29%	34%	37%	39%	6%	6%	7%	10%

Þessi tafla sýnir samfellda hækkun á hlutfalli þeirra sem fara um báða þessa mælingastaði í framhaldi af Hellisheiði. Umferð til Landeyjarhafnar vegur örugglega þungt í þessari þróun.

Hlutfall Mýrdalssands hefur hækkað í öllum mánuðum og sérstaklega athyglisverð aukningin yfir vetrarmánuðina og á milli 2012 og 2014.

En þá til upphafsstefsins, hvert er hlutfall Mýrdalssands af umferðinni vestan Hvolsvallar?

Hlutfall af umferð vestan Hvolsvallar				
Sem mælist	Á Mýrdalssandi			
Mán - Ár	2008	2010	2012	2014
Janúar	13%	12%	12%	17%
Febrúar	16%	13%	13%	19%
Mars	18%	10%	13%	23%
Apríl	15%	9%	15%	22%
Maí	19%	16%	17%	23%
Júní	22%	25%	19%	28%
Júlí	28%	28%	22%	30%
Ágúst	31%	26%	24%	30%
September	21%	20%	19%	28%
Október	17%	17%	16%	21%
Nóvember	14%	14%	12%	18%
Desember	13%	12%	12%	17%
Meðalt.nálgun	21%	18%	18%	25%

Hér er aukning í öllum mánuðum nema í ágúst, þjóðhátíðarumferðin.


Athyglisvert að hlutfallshækkunin er mest í apríl og september, 7 prósentustig.

Þessar tölur og myndritið hér neðar sýna án nokkurs vafa að hlutfall austursvæðisins vex stöðugt og er að verða jafnari yfir árið.

Fleiri og fleiri fara því lengra en til Víkur og þar draga að seglar eins og Skaftafell, Jökulsárlónið og sandfjörurnar.

Almenn umferð, óháð ferðamannafjölda, eykst einnig stöðugt eftir því sem vegasamgöngur batna. Einkabílum fjölga og flutningar milli svæða aukast með vaxandi umsvifum og breytingum í atvinnulífinu eins og til að

mynda, fiskútflutningi með flugi, virkjanaframkvæmdum og fleiru.



Á þessu myndriti er betur greinanlegur munurinn á milli áranna 2014 og 2012 (rauðu og svörtu línunnar) í öllum mánuðum, í heildina er munurinn 7 prósentustig.

Meðaltal daglegrar umferðar um Mýrdalssand hækkaði á milli þessara ára um 241, úr 385 árið 2012 í 626 árið 2014, sem er 63%.

Einnig koma hér greinilega fram áhrif gossins í Eyjafjallajökli, mikil umferð um Hvolsvöll sem ekki náði á Mýrdalssandinn.

